

Rafmagnsáhöld til heimilisnotkunar, sem ekki eru þegar talin.

140

Hárþurrrkur og áhöld til hárliðunar.

20. júní

Spennar til að lækka spennu í hættulausa spennu fyrir hringingarlagirnir, leikföng o. þk.

Rafmagnseftirlit ríkisins, 20. júní 1940.

Jakob Gíslason.

REGLUR

141

9. júlí

um viðskipti talstöðva og loftskæptastöðva í íslenskum skipum.

Með tilliti til ástandsins í landinu eru hér með settar eftirfarandi reglur um viðskipti talstöðva og loftskæptastöðva í íslenskum skipum:

1. Öll samtöl við einstaklinga í landi eru bönnuð.
2. Öll viðskipti við land, hvort sem er frá talstöðvum eða loftskæptastöðvum, fari fram í skæptaformi og afrit af skæptum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, og einungis til þess, að kalla upp aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu.
4. Samtöl milli skipa mega aðeins innihalda nauðsynlegustu tilkynningar er varða beinlínis fiskveiðarnar eða siglingu skipsins.
5. Samtöl, er fela í sér dulmál, eru stranglega bönnuð, svo og samtöl á öðrum tungumálum en íslenzku.
6. Dulmál og símnafni í loftskæptum og talskæptum eru bönnuð.
7. Fullt nafn sendanda skal vera undir hverju skæpti.
8. Öll innbyrðis loftskæptaviðskipti, nema neyðarþjónusta og uppköllum annara stöðva, skal fara fram á 800 metra öldulengd, en talskæptaviðskipti á 188 metra öldulengd. Hins vegar á að nota 600 metra öldulengd og 181,8 metra öldulengd til neyðarþjónustu og til þess að kalla upp aðrar stöðvar, en einungis til þess. Í viðskiptum við strandarstöðvar ákveður strandarstöðin hvaða öldulengd skipið skuli nota í hverju einstöku tilfelli.
9. Í hvert skipti sem skipatalstöð kallar á annað skip eða strandarstöð, skal hún nefna greinilega nafn skipsins, sem hún er í og umdæmisbókstafi og tölu.
10. Brot gegn þessum reglum hefir í för með sér tafarlausa lokun stöðvarinnar, endurköllum leyfisbréfs og starfskirteinis, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.
11. Framangreindar reglur ganga þegar í stað í gildi.

Póst- og símamálastjórnin, 9. júlí 1940.

Guðmundur Hlíðdal.

G. Briem.